



## Fundargerð

275. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 15. júní kl. 16:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Úlfar Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson Hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

### 1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2023050188)

- Hafnarstjóri fór yfir rekstrarstöðu hafnarinnar fyrstu ellefu mánuði ársins.
- Reykjaneshöfn er með yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka hafnarinnar upp á 20 milljónir króna sem rennur út þann 30. júní n.k. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir að óska eftir því við viðskiptabanka hafnarinnar að núverandi yfirdráttarheimild verði framlengd til 31. desember 2023.*  
**Samþykkt samhljóða.**

### 2. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)

Hafnarstjóri fór yfir drög að samgönguáætlun sem lögð verður fram á alþingi í haust en hún er komin inn á samráðsgátt stjórnvalda. Einnig fór hann yfir stöðu skipulagsmála vegna komandi uppbyggingar í Njarðvíkurhöfn.

### 3. Landhelgisgæsla Íslands - viljayfirlýsing. (202010267)

Eftirfarandi var lagt fram: *Þann 26. maí sl. var undirrituð viljayfirlýsing milli Reykjaneshafnar, Reykjanesbæjar, dómsmálaráðherra og Landhelgisgæslu Íslands um aðstöðu fyrir skipastól Landhelgisgæslunnar í Njarðvíkurhöfn á grundvelli langtímaleigusamnings. Miðað er við að viðkomandi aðstaða verði byggð samhliða þeirri uppbyggingu sem stefnt er að í Njarðvíkurhöfn á næstu mánuðum og ljúka á 2026, en það ár á Landhelgisgæsla Íslands 100 ára afmæli. Stjórn Reykjaneshafnar fagnar þessum áfanga og hlakkar mjög til samstarfsins við Landhelgisgæsluna í framtíðinni.*

**Samþykkt samhljóða.**

### 4. Utanríkisráðuneytið. (2021050454)

Eftirfarandi var lagt fram: *Þann 5. júní sl. barst Reykjanesbæ erindi frá utanríkisráðuneytinu með ósk um samstarf varðandi uppbyggingu á hafnaraðstöðu í Helguvíkurhöfn. Bæjarráð Reykjanesbæjar tók jákvætt í erindið á fundi sínum þann 8. júní sl. og fól þar bæjarstjóra og sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að vinna áfram í málinu. Stjórn Reykjaneshafnar lýst vel á erindið en minnr á að gæta þarf að hagsmunum Reykjaneshafnar í þessu samstarfi, þannig að þjónustugeta hafnarinnar aukist til framtíðar ef af framkvæmdum verður.*

**Samþykkt samhljóða.**

**5. Atvinnuþróunarstefna. (2023020501)**

Farið yfir stöðuna við vinnu á atvinnuþróunarstefnu Reykjaneshafnar.

**6. Skipaþjónustuklassi. (2023010393)**

Farið var yfir stöðuna við vinnu verkefnisins Skipaþjónustuklassi í Reykjaneshafnar.

**7. Hafnasamband Íslands. (2023010394)**

Fundargerð 453. fundar stjórnar Hafnasamband Íslands frá 17.05.23.

**Lögð fram til kynningar.**

**8. Skemmtiferðaskip. (2023010396)**

Tölvupóstur frá Cruise Iceland dags. 04.04.23 þar sem fram kemur að Cruise Iceland mun vera með sölubás á ráðstefnunni Seatrade Europe sem haldin er 6.-8. september n.k. Eftirfarandi var lagt fram: *Reykjaneshöfn hefur í samstarfi við ferðatengda aðila á Reykjanesi verið að markaðssetja Keflavíkurhöfn sem viðkomustað smærri skemmtiferðaskipa. Sem hluta af þeirri markaðssetningu telur Stjórn Reykjaneshafnar rétta að fulltrúi hafnarinnar sækji ráðstefnuna í samstarfi við Cruise Iceland. Jafnframt felur stjórnin hafnarstjóra að kanna hug annarra hafna á Reykjanesi til samstarfs í sameiginlegri markaðssetningu fyrir smærri skemmtiferðaskip í tengslum við markaðsstofu Reykjaness.*

**Samþykkt samhljóða.**

**9. Aalborg Portland Ísland. (2023010395)**

Hafnarstjóri kynnti hugmyndir um viktaraðstöðu vegna starfsemi Aalborg Portland Ísland á hafnarvæðinu í Helguvík. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir þann grunn sem lagt er upp með varðandi nýjar viktaraðstöðu Aalborg Portland Ísland á hafnarvæðinu í Helguvík og heimilar hafnarstjóra að vinna málið áfram á þeim grundvelli. Endanlega útfærsla verður lögð fyrir stjórn þegar hún liggur fyrir.*

**Samþykkt samhljóða.**

**10. Fitjabraut 3 – stækkun lóðar. (2023060233)**

Bréf Fasteignarfélagssins Lóns ehf. dags. 15.05.23 til Reykjaneshafnar með ósk um stækkun lóðarinnar Fitjabraut 3. Reykjaneshöfn er landeigandi á svæðinu og þarf að heimila slíka stækkun. Eftirfarandi var lagt fram: *Samráðsnefnd um þróun hafnarvæða er með í vinnslu úttekt og endurhönnun á svæðinu vestan og sunnan við starfsvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, en þar er m.a. um að ræða aðkomuleiðir og lóðarmörk á Fitjabraut. Stjórn Reykjaneshafnar heimilar ekki að svo stöddu neinar breytingar á lóðarmörkum umfram það sem nú er, meðan á þeirri vinnu stendur.*

**Samþykkt samhljóða.**

**11. Fitjabraut 8 – lóðarleigusamningur. (2023060234)**

Lóðarleigusamningur við Laugar ehf. um lóðina Fitjabraut 8.

**Afgreiðslu frestað.**

**12. Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi. (2022040594)**

Tölvupóstur frá Samtökum atvinnurekenda á Reykjanesi, dags. 13.05.23 þar sem fram kemur að aðalfundur samtakanna hefði farið fram 12. maí sl. ásamt helstu niðurstöðum fundarins.

**Lagt fram til kynningar.**

**13. Rafeldsneyti. (2022070151)**

Dagana 5.-7. júní sl. fóru fulltrúar Reykjaneshafnar í heimsókn til Fredericia í Danmörku sem skipulögð var af fyrirtækinu Iðunn H2, en heimsóknin miðaði að því að kynna hvernig staðið væri

að framleiðslu rafeldsneytis. Alexander Ragnarsson stjórnarmaður Stjórnar Reykjaneshafnar var einn af fulltrúum í ferðinni og fór hann yfir það sem þar kom fram.

**14. Norðurál Helguvík ehf. (2020080524)**

Farið var yfir stöðu mála er varðar þrotabúið.

**15. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2023020513)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10**